

Háskólinn á Akureyri

Menntavísindasvið

Kennaradeild

2017

# Samþætting skóla- og frístundastarfs

Dagur barnsins í Norðlingaskóla

Steinþór Andri Steinþórsson

1407883339

Lokaverkefni

12 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs í kennarafræðum

Leiðbeinandi:

Kolbrún Þ. Pálsdótti

## Útdráttur

Í þessu verkefni er farið yfir hvernig samþætting skóla- og frístundar virkar í skólastarfi. Í fyrri hluta er fjallað um frístundarheimili og skólastarf og í síðari hluta er greint frá rannsókn sem höfundur framkvæmdi. Tekin voru viðtöl og unnin rannsókn með starfsfólki Norðlingaskóla sem kemur að samþættingunni. Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hvert er gildi þess að samþætta skóla- og frístundastarfs í grunnskóla? Viðmælendur voru spurðir hvert er gildi samþættingar skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur, fyrir skólastarfið og hvert er gildi samstarfs frístundaleiðbeinda og kennara við mótun samþættingarinnar. Viðmælendur voru einnig beðnir um að hafa í huga kosti og áskoranir sem þeir mæta í starfi sínu í tengslum við samþættingu skóla- og frístundar. Niðurstöður fræðigreina ásamt viðhorfum viðmælenda gefa vísbendingar um að samþætting skóla og frístundar hefur jákvæð áhrif á skólastarfið. Áhugavert var að sjá jákvæðar niðurstöður um viðhorf viðmælenda um samfelldan skólalag, þjálfun í félagsfærni, sameiginlegan undirbúning, sveigjanleika samþættingarinnar og samstarf kennara og frístundaleiðbeinenda.

## Abstract

This research project gives an overview about how integration between school work and leisure work with children works in school. In the beginning there is a general discussion about leisure work and school work then there is a discussion about the research project and at last an overview of the results. The research project and the interviews with employees took place in Norðlingaskóli where employees work together on integrating school work and leisure work. The research question is: what is the goods of integration in schooling and leisure work in the school system? Interviewers were asked about the value of integrating school work and leisure activities for students, the value for the school and the value of the cooperation between teachers and leisure instructors in the development of the integration. Interviewers were also asked to consider the advantages and challenges they meet in their work related to the integration of school work and leisure work. The results of studies in this field along with the beliefs of the interviewers in this research project give some clues to positive results regarding the intergration on school work. It was interesting to see positive results regarding beliefs of the interviewers on the stance of continuity schoolday, training in social skills, the integration's flexibility and the cooperation of teachers and leisure instructors.

## **Þakkarorð**

Ég vil þakka öllum sem hjálpuðu mér í gegnum þessa baráttu og megi hamingja ráða ríkjum hjá öllum. Sérstakar þakkir fær kærasta mín hún Lára Borg sem hefur verðlaunað mig með mínu fyrsta barni sem kemur í heimin sumarið 2017 og er þetta besta útskriftargjöf sem ég gæti hugsað mér. Móðir mín Sigríður fær þakkir fyrir að vera yndislegust og að hafa borgað skólagjöldin til að ég gæti loksins klárað þessa ritgerð. Ég ætla einnig að þakka Öllu og Bolla verðandi tengdforeldrum mínum fyrir alla þá hjálp sem ég hef fengið hjá þeim. Síðast en ekki síst langar mig að þakka Norðlingaskóla og öllu starfsfólkinu fyrir að gera þetta verkefni að raunveruleika.

# Efnisyfirlit

|          |   |           |
|----------|---|-----------|
| <b>1</b> | <b>Inngangur</b> .....  | <b>3</b>  |
| <b>1</b> | <b>Stefna og straumar í frístundastarfi</b> .....                           | <b>5</b>  |
| 1.1      | Frístundaheimilin .....   | 5         |
| 1.2      | Félagsfærni og formgerðir náms .....  | 6         |
| 1.3      | Gildi frítímans og barnalýðræði.....  | 8         |
| 1.4      | Tilgangur, stefna og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur .....     | 9         |
| <b>2</b> | <b>Samþætting skóla- og frístundastarfs í Reykjavík</b> .....               | <b>10</b> |
| 2.1      | Dagur barnsins – innleiðing í skólastarfið.....                             | 10        |
| 2.2      | Samvinna og skipulag.....   | 11        |
| <b>3</b> | <b>Norðlingaskóli</b> .....   | <b>13</b> |
| 3.1      | Saga og stefna Norðlingaskóla.....  | 13        |
| 3.2      | Frístundaheimilið Klapparholt .....   | 14        |
| 3.3      | Samþætting skólastarfs Norðlingaskóla og frístundastarfs Klapparholts ..... | 15        |
| <b>4</b> | <b>Rannsóknin</b> .....   | <b>19</b> |
| 4.1      | Tilgangur .....   | 19        |
| 4.2      | Pátttakendur .....  | 19        |
| 4.3      | Mælitæki.....   | 20        |
| 4.4      | Frankvæmd .....   | 20        |
| <b>5</b> | <b>Niðurstöður</b> .....  | <b>21</b> |
| 5.1      | Gildi fyrir nemendur .....  | 21        |
| 5.1.1    | Kostir.....   | 21        |
| 5.1.2    | Áskoranir .....   | 21        |
| 5.2      | Gildi fyrir skólastarfið.....   | 22        |
| 5.2.1    | Kostir .....  | 22        |
| 5.2.2    | Áskoranir .....   | 22        |
| 5.3      | Samstarf frístundaleiðbeinanda og kennara við mótun samþættingarinnar.....  | 23        |
| 5.3.1    | Kostir.....   | 23        |
| 5.3.2    | Áskoranir:.....   | 23        |
| <b>6</b> | <b>Umræða</b> .....   | <b>24</b> |

|            |   |    |
|------------|---|----|
| <b>6.1</b> | <b>Græðir barnið á samfelldum degi?</b> .....                                   | 24 |
| <b>6.2</b> | <b>Þjálfun í félagsfærni</b> .....  | 25 |
| <b>6.3</b> | <b>Eykur sameiginlegur undirbúningur gæði samþættingarinnar?</b> .....          | 25 |
| <b>6.4</b> | <b>Eru kennarar og frístundaleiðbeinendur jafningjar í skólastarfinu?</b> ..... | 26 |
| <b>6.5</b> | <b>Aukinn sveigjanleiki með samþættu skóla- og frístundarstarfi.</b> .....      | 26 |
| <b>7</b>   | <b>Lokaorð</b> .....  | 28 |
| <b>8</b>   | <b>Heimildaskrá</b> .....   | 30 |
| <b>9</b>   | <b>Fylgiskjöl</b> .....   | 32 |

# 1 Inngangur

Samþætting skóla og frístundar er þróunarverkefni sem hefur verið í vinnslu síðustu ár. Fimm grunnskólar í Reykjavík fengu að taka þátt í verkefninu, sem fékk nafnið Dagur barnsins. Skólarnir sem tóku þátt fengu nokkuð frjálsar hendur til að móta verkefnið. Í verkefninu fjallar höfundur um þetta þróunarverkefni og hvernig Norðlingaskóli mótaði samþættingu skóla- og frístundar eftir sínu starfsumhverfi. Rannsóknarspurningin sem lögð er til grundvallar verkefninu er:

Hvert er gildi þess að samþætta skóla- og frístundastarfs í grunnskóla?

Markmið þessa verkefnis er að kynna frístundastarf sem unnið er í Norðlingaskóla tengt samþættingunni og svara áleitum spurningum. Tekin voru viðtöl við kennara, frístundaleiðbeinendur og stoðkennara í Norðlingaskóla. Lykilspurningin sem lögð var fyrir viðmælendur var: Hvert er viðhorf þitt til samþættingar skóla- og frístundastarfs í Norðlingaskóla? Viðmælendur voru beðnir um að taka mið af þremur þáttum í tengslum við lykilspurninguna þ.e. hvert er gildi samþættingar skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur, fyrir skólastarfið og hvert er gildi samstarfs frístundaleiðbeinda og kennara við mótun samþættingarinnar. Viðmælendur voru einnig beðnir um að hafa í huga kosti og áskoranir sem þeir mæta í starfi sínu í tengslum við samþættingu skóla- og frístundar.

Þetta verkefni er hugsað fyrir þá sem hafa áhuga á starfsemi frístundaheimila og tengslum frístundar og skólastarfs, eins og til dæmis skólastjórnendur, kennara, frístundaleiðbeinendur og starfsmenn innan skólakerfisins sem vilja kynna sér fjölbreytta nálgun í frístundastarfi með börnum.

Mikilvægt er að vita áður en lestur hefst að höfundur er hlutdrægur í þessum málum, þar sem hann starfar í Klapparholti, frístundaheimili Norðlingaskóla. Höfundur er engu að síður einlægur þegar hann ræðir um starf skólans og frístundarinnar. Ástæða fyrir vali á viðfangsefni ritgerðarinnar er sú að höfundur telur skóla geta hagnast á samþættingu skóla- og frístundar og mælir því eindregið með að skólar kynni sér viðfangsefnið.

Gögnum í lokaverkefninu var safnað af íslenskum netsíðum, lestri fræðigreina og svo voru einnig tekin viðtöl við starfsfólk í Norðlingaskóla. Fyrst er fjallað almennt um áherslur í frístundastarfi og greint frá frístundastarfi sem unnið er í Norðlingaskóla. Í seinni hlutanum er

greint frá viðhorfum kennara, stoðkennara og frístundaleiðbeinenda í Norðlingaskóla til samþættingar frístundar við skólastarfið.



# 1 Stefna og straumar í frístundastarfi

## 1.1 Frístundaheimilin

Í grein Kolbrúnar og Valgerðar (2011), Gæði eða Geymsla, er fjallað um ólík markmið frístundaheimila í heiminum og tilgreindar þrjár megináherslur sem eru ríkjandi í starfsemi frístundastarfs.

- Frístundin notuð sem stuðningur við hefðbundið nám en þá er meðal annars átt við aðstoð við heimanám eða stuðningur við þá nemendur sem eru í námsörðugleikum.
- Frístundin leggur áherslu á fjölbreytt tómsundastarf þar sem börn taka þátt í íþróttum, listum og skapandi starfi þar sem mikil áhersla er lögð á frjálsan leik.
- Umönnun og gæsla en þar er lögð áhersla að sinna börnum sem fá ekki viðeigandi stuðning heima fyrir. Stjórnvöld fjárfesta í dagvistunarúrræðum barna, en það ýtir undir meiri atvinnuþátttöku foreldra, sem tryggir efnahagslega velgengni í samfélaginu.

Þegar frístundaheimili á Íslandi er borið saman við ofangreindar áherslur þá er áhersla í frístundastarfi hér á landi lögð á fjölbreytt tómsundastarf þar sem hinn frjálsi leikur er í fyrirrúmi. Þetta form er einnig algengt á Norðurlöndum (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir, 2011).

Umræðan um starfsemi frístundaheimila á síðustu árum er orðin mun meiri en áður var og mikil þróun hefur átt sér stað í frístundastarfi með börnum. Þegar höfundur þessa verkefnis var í grunnskóla og sótti frístundastarf að skóladegi loknum var frístundin kölluð gæsla og lítið var um framfarir á fjölbreyttri og spennandi starfsemi sem höfðaði til áhuga barnanna. Aðeins voru fóstrur og eldri konur að passa upp á nemendur eftir að hefðbundnum skóladegi lauk. Í dag eru rekin frístundaheimili við alla grunnskóla í Reykjavík þar sem boðið er upp á fjölbreytt tómsundastarf. Frístundin er ætluð börnum á aldurs skeiðinu 6 - 9 ára, eða nemendum í 1. - 4. bekk. Starfsmenn sem vinna á frístundaheimilum kallast frístundaleiðbeinendur og þeir sem hafa klárað háskólagráðu kallast frístundaráðgjafar. Á frístundaheimilunum mega starfsmenn hvað mest vera með 12 - 16 börn í sinni umsjón (Reykjavíkurborg, 2011).

Frístundaheimilin eru með faglegt og fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi er lokið. Í frístundastarfinu er reynt að skapa spennandi umhverfi þar sem börnin hafa mikið val tengt áhugasviði sínu og fá útrás í leik- og sköpunarstarfi enda er leiðarljós frístundarheimilinna að börnunum líði vel og að starfsemin styðji við heilbrigðan félags- og tilfinningaþroska barnsins (Reykjavíkurborg, 2011).

Frístundastarfið sem fram fer á frístundaheimilunum er í meginatriðum tvíþætt, það er opið starf og hópastarf. Opið starf í frístundastarfi leggur áherslu á frjálsan leik og uppeldislegt gildi hans. Í frjálsa leiknum eru börnin höfð með í ráðum varðandi viðfangsefni og val. Markmiðið með opnu starfi er að börnin læri að taka ákvarðanir og að þau hafi vettvang til að þroskast og efla félagsleg samskipti í gegnum frjálsan leik. Einnig er átt við þemavinnu og smíðjur þar sem börnin upplifa og kynnast nýjum viðfangsefnum tengdu áhugasviði sínu. Hægt er að vera með barnaráð þar sem börnin fá þjálfun í að mynda sér skoðanir og taka ákvarðanir eins og t.d. á barnafundum (Starfsskrá frístundamiðstöðva, 2015). Með hópastarfi er átt við að unnið er í mismunandi hópum að ákveðnum verkefnum. Annars vegar er unnið með sértæka hópa vegna þess að þátttakendur þurfa sérstakan stuðning og hins vegar er unnið í áhugasviðshópum út frá ákveðnu þema þar sem val barnsins í hópa eða klúbba byggist á áhugasviði þeirra. Markmið með hópastarfi er að börn kynnist fjölbreyttum viðfangsefnum og vinnuaðferðum í frítímanum. Í hópastarfi gefst tækifæri á persónulegri nálgun og þátttakendur kynnast betur innbyrðis. Hópastarfið býður upp á opnar spurningar og umræður um gildi og viðhorf ásamt því að veita tækifæri til þess að þjálfra samskiptahæfni. Lýðræði er mikilvægt í hópastarfi og mikilvægt er að virkja þátttöku barnanna til að sem flestir hafi áhrif á starfið og viðfangsefni hópsins (Starfsskrá frístundamiðstöðva, 2015).

Eins og fram hefur komið í umræðu um hópastarf varðandi börn með sértækan vanda þá er tekið mið af sértækum vanda barna í almennu frístundastarfi. Fagleg þjónusta er í boði fyrir þau börn sem eru með sérþarfir og sækir verkefnastjóri hvers frístundaheimilis um stuðning fyrir barnið í samstarfi við foreldra, skóla og þá fagaðila sem koma að barninu. Hlutverk frístundaleiðbeinanda sem sinnir stuðningi við barnið aðstoðar barnið í leik og starfi og fer viðkomandi starfsmaður eftir einstaklingsáætlun til að vinna markvisst að því að þjálfra barnið í samskipta- og félagsfærni og tryggja að því líði vel (Reykjavíkurborg, 2011).

## **1.2 Félagfærni og formgerðir náms**

Í frístundastarfi er mikið unnið með félagfærni og að styrkja sjálfsmynd barna og er markmiðið að gera barnið sem sterkast á þessum sviðum. Í almennu skólastarfi er kennurum einnig skylt að efla og þroska með börnum félagfærni og sterka sjálfsmynd. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er greint frá mikilvægi félagfærni í starfi með börnum en þar er félagfærni skilgreind á eftirfandi hátt:

*Félagsfærni miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Heilbrigð sjálfmynd er grundvöllur félagsfærni. Börn með góða félagsfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þroskuð félagsfærni er grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings (Aðalnámskrá grunnskóla, 2015, bls. 35).*

Almennt er talið að börn sem búa yfir góðri félagsfærni séu yfirleitt lífsglaðari og gangi betur í skólastarfi en börn með slaka félagsfærni. Börn sem búa yfir góðri félagsfærni eru gjarnan talin hafa jákvæð viðhorf til skólastarfs, ástunda námið vel og sýna fram á aukinn námsárangur. Einnig sýna rannsóknir meðal annars fram á að börn sem búa yfir góðri félagsfærni eru með betri mætingu í skóla og brottfall þessara ungmenna úr framhaldskólum er minna samanborið við börn og ungmenni sem ekki eru talin vera sterk í félagslegum samskiptum (Kostelnik, Soderman, Whiren, Rupiper, og Gregory, 2014).

Á lífsleiðinni er einstaklingurinn alltaf að læra eitthvað nýtt. Eftir að formlegu námi í hefðbundnu skólastarfi lýkur eru einstaklingar langt frá því að vera búnir „að læra allt“ ef svo má að orði komast. Þetta á jafnt við gönguna í gegnum hið almenna skólakerfi eða „skóla lífsins“ en þetta ólíka form náms er kallað formlegt- og óformlegt nám. Í stórum dráttum er formlegt nám (*e. Formal learning*) það nám sem fer fram í skipulögðu skólastarfi. Óformlega námið skiptist í tvennt, óformlegt nám (*e. Non-formal learning*) sem fer fram í skipulögðu frístundarstarfi og sjálfsprottið nám (*e. Informal learning*) þar sem einstaklingur lærir í gegnum reynslu, í leik og starfi sem fer fram í daglegu lífi (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014).

Formlegt nám er þegar kennari stýrir kennslu í námshópi í almennu skólastarfi. Námið er skipulagt eftir kennsluskrá og farið er yfir ákveðið námsefni. Námið er mælanlegt þar sem viðurkennd hæfniviðmið eru lögð til grundvallar matinu. Óformlegt nám er hins vegar þegar einstaklingurinn lærir af reynslunni, sem stundum er kallað nám í „skóla lífsins“. Óformlega námið getur átt sér stað hvar sem er, innan sem utan kennslustofunnar. Einstaklingurinn hefur frelsi og gerir það sem hann vill og lærir af reynslunni. Það sem einkennir óformlegt nám er einkum það að einstaklingurinn stýrir ferlinu sjálfur, meðvitað eða ómeðvitað, þar sem námið byggir á reynslu og er bundið aðstæðum. Nám á frístundaheimilum myndi flokkast sem hálf-formlegt eða óformlegt nám (non-formal), þar sem um er að ræða ákveðið millistig hins formlega og óformlega náms (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014).

Þessar formgerðir náms eru mikið í umræðunni um skóla- og frístundastarf. Í frítíma barnsins má segja að hið óformlega nám fari að mestu fram þar sem barnið þjálfast á eigin forsendum í félags- og samskiptafærni í gegnum leikinn. Forsendur þess að barn geti lært, hvort sem um formlegt eða óformlegt nám er að ræða, er algjörlega háð forsendum starfseminnar. Með því er átt við að til grundvallar starfseminni verði að liggja góð uppeldisleg hugmyndafræði, hæfni starfsfólks, sameiginleg stefna og viðhorf, tími og gott alhliða samstarf (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014).

### **1.3 Gildi frítímans og barnalýðræði**

Í skipulögðu frístundastarfi þar sem börnum er skapaður grundvöllur fyrir öruggu umhverfi og innhaldsríku starfi sem sinnt er af fagfólki hefur frístundastarfið mikla þýðingu fyrir barnið. Frítíminn er talinn hafa þríþætt gildi í leik og starfi barna en þau gildi snúa einkum að afþreyingu, menntun og forvörnum. Með afþreyingargildi er átt við að í frítímanum á barnið að njóta sín á eigin forsendum þar sem hlátur og leikur ræður ríkjum í góðum vinahóp. Nauðsynlegt er að gefa börnum tíma og aðstöðu til að þau geti blómstrað félagslega, en það eykur félagsfærni með hjálp frístundastarfs sem er vel skipulagt. Börn hafa þörf fyrir að tilheyra hópi, eiga samskipti og njóta samveru með jafningjum sínum, fullorðnum, starfsfólki eða fjölskyldumeðlimum. Menntunargildi felur í sér að í frítímanum er barnið að stunda fjölbreytt og skapandi frístundastarf þar sem frumkvæði, sköpun og virkni eru áherslupunktur. Starfið færir börnunum reynslu og þekkingu sem þau geta yfirfært yfir á samfélagið. Þarna kemur óformlega námið sterkt í ljós og barnið hagnast af því. Skipulagt félagstarf í umsjón fagfólks hefur mikið forvarnargildi. Börnin leika sér í öruggu umhverfi þar sem þau fá hlýju og umönnun frá starfsfólki. Fullorðnir starfsmenn sem sinna börnum verða fyrirmyndir þeirra þar sem börnin læra heilbrigð samskipti og hegðun af starfsfólkinu og þannig er talið líklegra að börnin kjósi heilbrigðan lífstíl og forðist áhættuhegðun (Starfsskrá frístundamiðstöðva, 2015).

Auk ofangreindra gilda er lýðræði í frístundastarfi í hávegum haft. Umboðsmaður barna telur að nauðsynlegt sé að barn kynnist lýðræði og grunnforsendum þess. Barnalýðræði skapast í faglegu frístundastarfi og það snýst um að börn öðlist þá hæfileika að hafa sjálf jákvæð áhrif á eigið líf í lýðræðislegu samfélagi. Barnalýðræði í frístundastarfi er nauðsynlegt til að móta framtíðarþegna samfélagsins og er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hafður til grundvallar í þessari vinnu með börnum. Með virku barnalýðræði er markmiðið að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð barnanna. Markmið með barnalýðræði í frístundastarfi er að börnin fái tækifæri til að æfa

sig í lýðræðislegum vinnubrögðum og hafi þannig áhrif á umhverfi sitt og viðfangsefni og er það meðal annars gert með því að setja á stofn barnaráð eða barnafundi (Starfsskrá frístundamiðstöðva, 2015).

#### **1.4 Tilgangur, stefna og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur**

Frístundastarfið eða frístundin eins og starfsemin er gjarnan nefnd í daglegu tali er í sífelltri þróun og mikil framsækni er talin einkenna starfsemi frístundaheimilanna í Reykjavík síðustu árin. Með stofnun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða SFS árið 2011 var stigið stórt skref í frístundasögunni. Þá lagði SFS fram stefnu og starfsáætlun um að skólar og frístundaheimili gætu þróað og bætt faglegt starf sitt. Í stefnumörkun um frístundaheimilið er litið til frænda okkar á Norðurlöndunum en þeir eru komnir mun lengra í þróun frístundastarfs og þá sérstaklega Svíar. Frístundastarfið þar er ekki ólíkt starfinu á Íslandi. Samþætting skóla- og frístundastarfs er hins vegar mikil í Svíþjóð og eru sameiginleg lög yfir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili vel skilgreind í námskránni hjá Svíum (Reykjavíkurborg, 2011).

Fyrir daga SFS skiptist viðvera barna í skólanum þannig að börnin voru um það bil tvo þriðju hluta dagsins á ábyrgð skólans og einn þriðja á ábyrgð ÍTR eða Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Frístundastarfið stóð því höllum fæti innan skólastarfsins og með tilkomu SFS þótti þörf á breytingum og að skapa samvinnu um ábyrgð á börnunum milli fagstétta innan skólanna og frístundaheimilanna (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009).

Sameining á yfirstjórn grunnskóla, leikskóla og frístundastarfarfsins í eitt svið, SFS, hafði m.a. þann tilgang að efla þjónustu við fjölskyldurnar í borginni og efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga. Markmið SFS er að tryggja heildstæða þjónustu við börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Einnig setti SFS sér það markmið að efla skólaþróun með því að allir leikskólar, grunnskólar og frístundarmiðstöðvar í hverfum borgarinnar mundu vinna að sameiginlegri stefnumótun og auka þverfaglegt samstarf (Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið, 2014).

Öll höfum við einstaklingsbundnar þarfir og mismunandi áhugamál. Samstarf mismunandi fagstétta bíður upp á meiri fjölbreytni í skólastarfi og getur þessi samvinna aukið líkurnar á að auðveldara sé að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga hvers barns. Í góðu samstarfi mismunandi fagstétta læra allir eitthvað nýtt og það stækkar sjónvildarhorninginn varðandi faglega sýn þar sem meiri líkur eru á að nýjar hugmyndir og lausnir skapist. Við þessar aðstæður er líklegra að skapist námsumhverfi sem sameinar formlegt og óformlegt nám og byggir á

hagsmunum og þörfum barnsins. Í slíku námsumhverfi er lögð rækt við að efla alhliða þroska barnsins bæði hvað varðar hefðbundið nám og félags- og samskiptafærni (Reykjavíkurborg, 2011).

Sameiginlegt verkefni allra sem koma að börnum í skólakerfinu er að stuðla að árangri, bættri líðan og félagsfærni barna. Með þessari miklu áherslu SFS á samstarf ofangreindra aðila voru vonir bundnar við að opna fyrir möguleika á heildstæðum og sveigjanlegum skóladegi sem tekur mið af þörfum barnsins. Í þessu sambandi var meðal annars litið til þeirra barna sem ekki njóta sín í hefðbundnu skólastarfi. Þeir nemendur gætu átt auðveldara með að fóta sig í umhverfi þar sem kennurum eða frístundastarfsmönnum gefst meiri tími til fjölbreyttra og skapandi verkefna sem gætu hentað áhuga og þörfum barna betur. Samstarf fagaðila í skóla- og frístundastarfi skapar því grundvöll fyrir sveigjanlegra skólastarfi þar sem samráð þessarar aðila auðveldar að stokka upp stundaskrá skóla og samþætta skóla- og frístundastarf inn í dagskipulag barnsins (Reykjavíkurborg, 2011).

Þessar áherslur voru lagðar til grundvallar samþættingu skóla- og frístundastarfs með verkefninu Dagur barnsins.

## **2 Samþætting skóla- og frístundastarfs í Reykjavík**

### **2.1 Dagur barnsins – innleiðing í skólastarfið**

Dagur barnsins er tilraunarverkefni í samþættu skóla- og frístundastarfi og árið 2011 þegar SFS var stofnað var skipaður starfshópur til að móta nýtt tilraunarverkefni í samþættingu skóla- og frístundastarfs fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Starfshópurinn var skipaður starfsfólki frá SFS en einnig komu fulltrúar stjórnmalamanna að skipulaginu. Hópnunum var falið að gera tillögur að samþættingunni, velja starfstöðvar sem hefja áttu þessa vinnu haustið 2011 og undibúa frekari innleiðingu á verkefninu í borginni allri haustið 2012. Stefnan var í fyrstu sett á innleiðingu verkefnisins í Norðlingaskóla og Ártúnsskóla og í kjölfarið fór verkefnið af stað í Dalskóla, Fellaskóla og grunnskólanum á Kjalarnesi (Reykjavíkurborg, e.d.).

Kjarninn í hugmyndinni að baki verkefninu, Dagur barnsins, er að gera dag barnsins sem heildstæðastan með því að skapa samfellu í venjulegan skóladeg barnsins þar sem frístundastarf fléttast inn í hefðbundið skólastarf hjá barninu. Með því er átt að vinnudagur barnsins sé samfelldur frá morgni og fram á síðdegisdag. Þessi heildstæða nálgun er talin hafa jákvæð áhrif á alhliða þroska barnsins. Verkefnið felur í sér mikla nýbreytni í skólastarfi og að mati Kolbrúnar

Pálsdóttir (2009) kallar langur vinnudagur barna á innleiðingu á breyttum áherslum og fjölbreyttari starfsmannahópi innan grunnskólans.

Þessi nýbreytni í skólastarfi felur í sér að rýna þarf með skipulögðum hætti í ýmsa þætti starfseminnar. Má þar meðal annars nefna hvernig farsælu samstarfi ólíkra fagstétta skuli háttáð og hvernig skipulag á nýtingu á húsnæðis, búnaði og efnivið/leikefni sé best háttáð undir samþætta starfsemi frístundar og skóla.

## **2.2 Samvinna og skipulag**

Húsnæðismál eru meðal þeirra þátta sem virðast hafa mikið um það að segja hvernig tekst til við að skapa frístundastarfinu umgjörð sem ýtir undir samstarf og skapar sveigjanleika milli skóla- og frístundastarfsins. Flest frístundaheimili eru staðsett í húsnæði skólans þar sem kallað er eftir því að frístundastarfið hafi afnot af sérgreinastofum og öðrum kennslurýmum. Kolbrún Pálsdóttir (2009) fjallar í grein sinni, Frístundaheimili fyrir börn í reykvísku skólastarfi, um húsnæðisvanda frístundaheimilanna og að þeim hafi verið búinn þröngur kostur í gegnum tíðina. Í því sambandi bendir hún meðal annars á að afnot af kennslurýmum hafi ekki verið aðgengilegt fyrir frístundastarfið sem fór fram eftir að hefðbundnum skóla lauk á daginn. Þrengslin sem frístundaheimilin hafa búið við sjást glögg í því að árið 2006 var gerður samningur milli Menntasviðs og ÍTR í húsnæðismálum sem hljóðaði upp á að frístundaheimili fengju að lágmarki 60 m<sup>2</sup> af sérstakri aðstöðu innan skólans og afnot af kennslustofum og sérgreinstofum. Samnýting húsnæðis milli skóla og frístundar hefur reynst hindrun og hafa frístundaheimili gjarnan verið staðsett í gegnum tíðina í húsnæði sem ekki hefur verið nýtt til kennslu, s.s í matsal eða í húsnæði á skólalóðinni. Kolbrún telur þrjár meginástæður liggja fyrir því að styr standi um samnýtingu húsnæðis. Í fyrsta lagi þurfa kennarar að nýta stofurnar sem vinnusvæði vegna undirbúningsstarfa. Í öðru lagi getur fyrirkomulag ræstinga hindrað samvinnu um nýtingu svæða þar sem erfðara er að sinna þrifum í rýmum sem eru í sífelldir notkun. Í þriðja lagi er einnig oft ágreiningur um nýtingu á eigum skólans og því sem börnin leika sér með til dæmis kubbar, spil og fleira (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009).

Talið er að fleira en samnýting á húsnæði kalli á mikla samvinnu þeirra fagaðila sem ætla að vinna að samþættingu skóla- og frístundastarfs í gunnskólum. Eins og bent hefur verið á í þessum skrifum er uppeldislegt hlutverk frístundastarfs mikið í skólastarfi. Samskipta- og félagsfærni nemenda er eflað í frjálsum leik og skapandi starfi í gegnum óformlegt nám en á formlegum vettvangi. Í samþætту skóla- og frístundastarfi er samstarf kennara og

frístundaleiðbeinanda mikið og felst sú samvinna einkum í því að samþætta formlegt og óformlegt nám nemenda í skólanum og skal hér bent á að þetta fyrirkomulag er algengt í grunnskólum í Svíþjóð (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009). Þar starfa frístundaleiðbeindur með börnum bæði í skóla- og frístundastarfi og öðlast þar betri yfirsýn á félagslega hegðun barnsins. Af þeim sökum geta frístundaleiðbeinendur átt auðvelt með inngríp og að veita stuðning þegar um stríðni og einelti er að ræða. Aukinn áhugi sveitarfélaga er á samþættingu skóla- og frístundastarfs meðal annars með tilliti til ofangreinda þátta og styrkja þar með faglega umgjörð frístundastarfsins í almennu skólastarfi. Verkefnið, Dagur barnsins, ber glöggt merki um þessar áherslur í skólastarfinu þótt vissulega sé mikill munur á því hvernig skólastjórar útfæra samþættinguna í sínum skólum (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009).

Kolbrún telur að sú tilhneiging í samstarfi kennara og frístundaleiðbeinanda, í samþættingunni sem hér hefur verið til umræðu, hafi leitt til þess að formlega námið taki yfirhöndina. Í því sambandi er bent á að inn í kennslustofunni fer fram formlegt nám þar sem kennarinn er við stjórnvöldinn, samkvæmt hefðinni, og því verður sú tilhneiging að kennari og frístundaleiðbeinandi starfi ekki á jöfnum grunni og að frístundastarfið sé sett í aukahlutverk. Óformlega námið er gjarnan talið falla undir æskulýðs- og tómstundastarf sem ekki eigi heima innan skólans heldur frekar á heimilinu eða annarstaðar utan skóla. Þessi tilhneiging á ójafnvægi sem hér hefur verið lýst er því mikil áskorun fyrir þá sem koma að samþættingunni inn í skólanum. Af þessum sökum er mikilvægt að skólastjórnendur séu vakandi yfir þessum þáttum og hlúi vel að faglegri samvinnu fagstéttanna sem vinna eiga saman til að kostir frístundastarfsins nýtist sem best í skólastarfinu og sé til hagbóta fyrir nemandann (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014).

Að mörgu er að hyggja þegar innleiða á markvisst samstarf, milli starfsmanna skólans og frístundaheimilisins, um samþætt starf þessara aðila. Í samstarfi mismunandi fagstétta geta erfiðar aðstæður skapast eins og til dæmis hver á að stjórna kennslustundinni. Samkvæmt Morgan og Ashbaker (2011) er mikilvægt að kennarar hugsi sig ekki sem yfirmenn, heldur jafningja í kennslustofunni. Mikilvægt er fyrir kennara að velja því fyrir sér hver afstaða sín er til leiðbeinanda í kennslustofunni, eins og til dæmis því hvort kennari lítur á sig sem yfirmann og leiðbeinandann sem undirmann, hefur leiðbeinandinn fullkomið frelsi eða þarf hann að vísa ákvörðunum sínum á kennara. Það sem veldur spennu í kennslustofunni er oft slæmt samstarf kennara og leiðbeinanda, en það getur orsakast af því að leiðbeinandi er óruggur með stöðu sína



og að kennarann skortir þekkingu á því hvernig best er að nýta stuðninginn. Einnig hefur skortur á sameiginlegum undirbúningstíma áhrif á gæði samstarfs. Gefa þarf tíma til að skipuleggja starfið sem unnið er í kennslustofunni. Til að sigrast á allri spennu milli kennara og leiðbeinanda er mikilvægt að finna leiðir sem virka best hverju sinni í kennslu í skólastofunni eins og t.d. að ákveða fyrirfram hvert hlutverk hvers og eins er og ákveða hvaða svæði eru notuð og hver stjórnari á tilteknum svæðum. Ákvarðanir um þessa hluti skipta máli í góðri teymisvinnu (Morgan o.fl., 2011).

### **3 Norðlingaskóli**

Teymsvinna kennara um nám og kennslu í aldursblönduðum nemendahópum er þungamiðjan í skólastarfi Norðlingaskóla. Skólinn sinnir samþættu skóla- og frístundastarfi samkvæmt verkefninu um Dag barnsins, fyrir börn á aldrinum 6-9 ára, og hófst innleiðing verkefnisins um áramót 2011-2012 og hefur verið í stöðugri þróun frá þeim tíma.

#### **3.1 Saga og stefna Norðlingaskóla**

Norðlingaskóli hóf starfsemi sína í ágúst árið 2005 og er nú á sínu tólfta starfsári. Skólinn er staðsettur í Norðlingaholti í Reykjavík og í honum eru tæpleg 600 nemendur í 1. til 10. bekk. Í byrjun fór skólastarfið fram í færanlegum skólastofum. Árið 2006 hófst hönnun á nýju skólahúsnæði og tekið var mark á innra og ytra starfi skólans til að byggingin myndi henta sem best fyrir allt það starfs sem myndi fara þar fram (Saga skólans, 2008).

Ætla má að áherslur um samþættingu skóla – og frístundastarfs kalli á að sýn og stefna skólastarfs geri bæði ráð fyrir áherslum á formlegt og óformlegt nám. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að styðja þannig við þroska nemanda að þeir verði færir um að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 21). Hugmyndafræði frístundastarfsins leggur grunn að þeirri þjálfun með áherslum sínum á félagsfærni og lýðræðislega þátttöku barna í frístundastarfi. Í stefnu Norðlingaskóla kemur m.a. glöggt fram hvað áherslur frístundastarfsins vega þungt í starfsemi skólans, en þar er skýrt tekið fram mikilvægi félagsfærni, sjálfstæðis, sterkar sjálfsmýndar, lífsgleði og að einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. Skólinn leggur fyrst og fremst áherslu á að starf skólans grundvallist á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði á þann hátt að hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna því markmiðið er að útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og lífsglaður einstaklingur (Stefna Norðlingaskóla, 2008).

Þegar stefna skólans eru skoðuð er hún mjög svipuð þeirri stefnu sem SFS setur fram um áherslur frístundastarfsins og því mætti ætla að góður jarðvegur væri fyrir innleiðingu á samþættu starfi skóla og frístundar í Norðlingaskóla.

### **3.2 Frístundaheimilið Klapparholt**

Innan veggja Norðlingaskóla er frístundaheimilið Klapparholt. Árið 2011 yfirtók Norðlingaskóli starfsemi Klapparholts í tilefni af ákvörðun SFS um samþættingu skóla- og frístundastarfs. Í skólanum er unnið samkvæmt áformum sem liggja að baki verkefningu Dagur barnsins og hefur skólinn unnið hörðum höndum að því að þróa og móta samþættinguna. Áherslur skólans í samþættu skóla- og frístundastarfs á skólatíma eru nokkuð fjölbreyttar þó aðaláherslan sé lögð á félagsfærniþjálfun og að barnið fái að njóta sýn í frjálsum leik og uppeldislegu gidi hans (Samþætting skóla- og frístundastarfs, 2012).

Starfsemin fer fram bæði inni sem út, en Norðlingaskóli hefur mikla fjölbreytni í sínu nærumhverfi og má í því sambandi til dæmis nefna barnvæna skólalóð og Björnslund sem er útikennslusvæði. Frístundastarf skólans, í anda verkefnisins um Dag barnsins, er fléttað inn í stundatöflu nemenda á aldrinum 6-9 ára. Samþætta starfið byrjar kl 8:15 og samkvæmt stundatöflu lýkur formlegum hluta skólastarfsins kl. 13:40, en skóladagurinn er um einni kennslustund lengri vegna samþættingarinnar. Eftir klukkan 13:40 tekur við síðdegisfrístund, sem stendur til kl. 17:00. Í morgunstarfi frístundaleiðbeinanda í Klapparholti er náið samstarf við kennara og lögð er rík áhersla á góða samvinnu milli fagstétta um náms- og kennsluskipulag nemenda hvað varðar samþætt frístunda- og skólastarf. Í morgunstarfinu ráða ríkjum námsleikir, þema- og smiðjuvinna, frjálsi leikurinn og stuðningur við einstaka nemendur eða hópa og því takast nemendur á við viðvangefni sem tengjast hefðbundnu frístunda- og skólastarfi.


Í síðdegisfrístund Klapparholts er opið starf þar sem nemendur taka þátt í verkefnavali og er það í takt við barnalýðræði, en þá taka nemendur þátt í umræðum um ýmis málefni sem tengjast börnunum. Í því samhengi má t.d. nefna eineltis- og fordómafræðslu, umferðarfræðslu og fleira sem hjálpar nemandanum í daglegu lífi hans. Mikilvægt er að nemandi þrói með sér sjálfstæði og sterka sjálfsmynd þar sem sjálfstæðar ákvarðanir, aukið umburðalyndi og félagsleg samskipti lærast í gegnum leikinn (Samþætting skóla- og frístundastarfs, 2012).

### 3.3 Samþætting skólastarfs Norðlingaskóla og frístundastarfs Klapparholts

Í skýrslu Guðrúnar Jónu Óskarsdóttur um samþættingu skóla og frístundar í 1. - 4. bekk í Norðlingaskóla (2014) er fjallað um þá stöðugu þróun sem hefur átt sér stað varðandi samþættinguna. Starfsfólk skólans fór í ferð til Stokkhólms til að kanna aðstæður í nokkrum skólum þar í landi sem höfðu langa reynslu af samþættingu skóla- og frístundastarfs. Starfsmenn skólans urðu fyrir sterkum áhrifum og tóku margt frá heimsóknunum inn í starfið sem Norðlingaskóli er að þróa. Til að góð þróun eigi sér stað er mikilvægt að tileinka sér nýjar hugmyndir sem byggðar eru á reynslu og hafa hugmyndirnar úr Stokkhólmsferðinni haft mikil áhrif á samþætt skóla- og frístundastarf í 1. og 4. bekk.

Í 1. - 2. bekk eru skráðir rúmlega 150 nemendur og er samkennsla í þessum árgöngum. Nemendahópunum er skipt niður á þrjú heimasvæði og kennurum og frístundaleiðbeinendum deilt niður á þessi svæði. Þannig eru mynduð þrjú teymi um 3 nemendahópa. Tveir nemendahópar telja 55 nemendur og einn hópurinn telur 36 nemendur. Stærð hópanna miðast við stærð heimasvæðanna þriggja. Nemendahóparnir hafa sín heimasvæði en blandast hins vegar í smiðjum, sérgreinum, íþróttum og í frístundastarfinu. Hvert teymi samanstendur af 2 - 3 kennurum og einum frístundaleiðbeinanda. Frístundaleiðbeinandi má hafa umsjón yfir 15 nemendum. Með þessu fyrirkomulagi eru engir stuðningsfulltrúar (Guðrún Jóna Óskarsdóttir, 2014).


Mynd 1 hér að neðan sýnir skiptingu nemanda og starfsfólks á heimasvæðum A, B og C.



Mynd 1. Skipting nemenda og starfsfólks á heimasvæðum A B C

Með þessu samstarfi hefur skipt miklu máli að halda í gott skipulag og hjálpast að. Kennarar sjá um faggreinakennslu og vinna út frá námsmarkmiðum. Frístundaleiðbeinendur þjálfa lífsleikni í gegnum leik og starf. Þeir efla óformlega námið í þjálfun á félags- og

tilfinningafærni og kynnast þannig börnum á annan hátt en kennarar. Mynd 2 hér að neðan sýnir í meginatriðum hvernig áherslur í samþætту skóla- og frístundastarfi eru í Norðlingaskóla.



Mynd 2. Áherslur í samþætту skóla- og frístundastarfi í Norðlingaskóla

Frístundaleiðbeinendur hafa þrjú hlutverk í samþættingunni. Í fyrsta lagi eru starfsmenn með umsjón yfir frjálsum leik og hópvinnu. Í frjálsa leiknum eru frístundaleiðbeinendur til staðar með inngríp þegar þess þarf en lykiláhersla er að efla félagsfærni nemanda. Annað hlutverk frístundaleiðbeinanda í samþættingunni er að vera með hópvinnu í samstarfi við kennara þar sem unnið er með formlegt nám á forsendum frístundar eins og ýmis þemaverkefni sem unnin eru í smiðju. Einnig er áhersla lögð á að frístundaleiðbeinendur vinni með námsleiki eins og t.d. stærðfræðileiki. Þriðja hlutverk frístundaleiðbeinanda er að veita sérstökum nemendum eða litlum hópum stuðning í námi og þá vinna frístundaleiðbeinendur og stoðþjónusta skólans náið saman. Þessi þáttur starfsins tilheyrir því starfi sem stuðningsfulltrúar gegna jafnan. Áhersla er lögð á að kennarar og frístundastarfmenn eiga að vera jafningjar á gólfinu, en á þann þátt var lögð mikil áhersla í þeim skólum sem skoðaðir voru í Stokkhólmi (Guðrún Jóna Óskarsdóttir, 2014).

Þegar frístundaleiðbeinandi er með 15 nemendur í umsjón í skipulögðu frístundastarfi gefur það kennara meira svigrúm í kennslunni til að hjálpa einstaka nemendum því þá eru færri inn á námssvæði. Þetta léttir álagið á kennara og á að auðvelda kennslu án stuðningsfulltrúa sem væri annars að fylgja sérstökum nemendum. Frístundaleiðbeinendur í starfinu eiga að vera jafnt í frístund og almennri kennslu. Verkefnastjóri frístundar aðstoðar við val og framkvæmd verkefna sem snúa að námi og kennslu. Stoðteymi aðstoðar við að skipuleggja aðstoð við þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð vegna námsörðugleika (Guðrún Jóna Óskarsdóttir, 2014).

Smiðjur er eitt af því sem einkennir Norðlingaskóla og taka frístundaleiðbeinendur fullan þátt í þeirri starfsemi (Smiðjur, 2008). Norðlingaskóli fékk styrk til að þróa smiðjuvinnu með nemendum en í smiðjuvinnu er áhersla lögð á að samþætta frístundastarf, list- og verkgreinar við bóklegar greinar. Í grunninn er verið að vinna með samþættingu námsgreina og áhugasvið nemenda. Unnin eru ýmiskonar verkefni eða svokölluð þemavinna varðandi námsþætti og þá eru námsgreinar samþættaðar, eins og til dæmis íslenska, landafræði og myndlist. Smiðjunni er skipt upp í stöðvar og mismunandi vinna er unnin á hverri stöð. Aðalmarkmið smiðjuvinnu er að vekja áhuga nemanda og skapa þannig gott flæði sem tryggir hámarksafköst nemandans (Smiðjur, 2008).

Frístundaleiðbeinendur taka virkan þátt í smiðjuvinnu og tengja sína verkstöð alltaf við áherslur frístundar þ.e. leikurinn, félagsfærni og áhugasvið nemanda. Sem dæmi hefur námshópur í smiðju unnð á verkstöð frístundar við að búa til ratleik þar sem félagsleg samskipti eru mikilvæg. Undirbúningur er mikilvægur í smiðju og helst það í hendur að það verða meiri gæði þegar það er góður undirbúningur fyrir smiðjustöð. Í greininni List- og verkgreinar í öndvegi: Sagt frá þróunarverkefninu smiðjur í Norðlingaskóla (2010) kemur fram að undirbúningsvinna er afar mikilvæg og þess vegna þurfa frístundaleiðbeinendur undirbúningstíma. Það sem þarf að hafa huga þegar smiðja er skipulögð er eftirfarandi:

1. Tímafjöldi
2. Innihaldslýsing:
  - a. Hvert er þemað?
  - b. Tenging við námsefni
  - c. Tenging við **Aðalnámsskrá grunnskóla**
  - d. Markmið smiðjunnar
  - e. Kennsluáferðir
  - f. Samþætting – þverfaglegar tengingar
  - g. Þáttur verkgreina

3. Gögn
  - a. Efni og áhöld
4. Mat á smiðjum
  - a. Hvað á að meta?
  - b. Frammistaða nemenda og mat á því hvernig til tókst í smiðjunni sjálfri
  - c. Hvernig verður nám nemenda metið, til dæmis:
    - i. einstaklingsmat
    - ii. námsmappa
    - iii. jafningjamat
    - iv. Sjálfsmati

(Ingvar Sigurgeirsson, Ágúst Ólason, Björn Gunnlaugsson, Hildur Jóhannesdóttir og Sif Vígbórsdóttir, 2010).

Í lok hverrar smiðju er unnin smiðjuskýrsla. Þar koma fram markmið og viðfangsefni hverrar stöðvar og hvernig verkstöðvar tengjast áhersluþáttum náms og frístundastarfs ásamt því hvernig nemendur stóðu sig. Þessar skýrslur eru unnar til að auðveldara sé að þróa starfið áfram og gera smiðjurnar sem bestar hverju sinni (Ingvar Sigurgeirsson, Ágúst Ólason, Björn Gunnlaugsson, Hildur Jóhannesdóttir og Sif Vígbórsdóttir, 2010).

Hlutverk frístundaleiðbeinanda varðandi stuðning við einstaka nemendur eða nemandahópa eru unnin í samstarfi við stoðteymi skólans. Dæmi um slíka vinnu er markviss vinna með félagsfærni í fámennum hópi nemanda. Í því sambandi má t.d. nefna vinnu í tengslum við bók sem heitir Bókin um Tíslu en hún leggur áherslu á lífsleikni og siðferði. Bókin er ætluð börnum sem eru að hefja skólagöngu sína og hún fjallar um tilfinningar, hugsanir og atvik sem geta komið upp í skólanum eða á öðrum stöðum. Tísla er sögumaður og kemur hún með leiðir til að takast á við nýjar aðstæður á sem bestan hátt. Tísla er sjálf að byrja í skóla og þarf hún hjálp nemanda til að sigrast á sínum vandmálum. Tísla tekst á við mismunandi atvik í hverjum kafla og finnur hún leiðir til að sigrast á þeim málum sem upp koma eins og til dæmis kvíða við að fara í skólann (Hrund Hlöðversdóttir, 2012). Kennslustundin er hugsuð sem róleg stund og nemendurnir hvattir til að tjá sig. Einn frístundaleiðbeinandi tekur 8 barna hóp og fer með þau í lítið herbergi þar sem er næði. Þar er farið yfir einn kafla og efni hans rætt. Notað er lítið tuskudýr sem er látið ganga á milli nemenda og sá sem heldur á Tíslu hverju sinni hefur orðið. Þetta hefur gefist vel og nemendur hafa lært margt, til dæmis að sættast og takast í hendur eftir rifrildi. Samverustundin er aðeins 15 - 20 mín og fara nemendur þá aftur í inn á sitt heimasvæði (Hrund Hlöðversdóttir, 2012).

Námsleikir eru mikilvægir í samþættu skóla- og frístundastarfi í Norðlingaskóla.

Frístundaleiðbeinendur og kennarar eiga samstarf um það hvernig hægt er að útfæra áherslur

náms í gegnum leik og félagsfærnivinnu með nemendum. Það sem hver hópur gerir er mismunandi í hverri viku fyrir sig en eitt af markmiðunum er meðal annars að efla útinám. Í því samhengi má nefna að nemendur fara í námsleiki þar sem unnið er til dæmis með leiki sem tengjast stærðfræði, málörvun og orðaforða. Þessa leiki útfæra frístundaleiðbeinendur og kennarar í sameiningu (sjá fylgiskjal 2, bls 32).

Hér hefur verið farið yfir áherslur í frístundastarfi og það hvernig samþætting skóla- og frístundastarfs er háttað í Norðlingaskóla samkvæmt hugmyndum sem liggja að baki verkefninu Dagur barnsins. Til að varpa ljósi á framgang verkefnisins í skólasstarfinu felst rannsókn höfundar í þessu verkefni að taka viðtöl við nokkra starfsmenn í skólanum og kanna viðhorf þeirra til samþættingar skóla- og frístundar í Norðlingaskóla.

## **4 Rannsóknin**

Hér í þessum kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru í þessari rannsókn. Fyrst er farið yfir tilgang rannsóknarinnar, síðan er fjallað um við hverja viðtölin voru tekin, hvernig gagnaöflun og gagnagreining fór fram og síðast er rætt um framkvæmd rannsóknarinnar og siðferðileg atriði.

### **4.1 Tilgangur**

Niðurstöður rannsóknarinnar eiga að varpa ljósi á viðhorf starfsfólks, bæði kennara og frístundaleiðbeinenda til samþættingarinnar. Niðurstöðurnar eru þríþættar en þær koma inn á gildi fyrir nemendur, gildi fyrir skólastarfið og gildi fyrir samstarf frístundaleiðbeinenda og kennara við mótun samþættingarinnar.

### **4.2 Þátttakendur**

Rannsóknin var eigindleg þar sem tekin voru viðtöl við sex viðmælendur. Þátttakendur í rannsókninni voru frístundaleiðbeinendur, kennarar og stoðkennari í Norðlingaskóla á aldrinum 26 - 55 ára. Sex sjálfboðaliðar úr hópi kennara og frístundaleiðbeinenda gáfu sig fram til að taka þátt og voru þau því valin í rannsóknina. Til að gæta trúnaðar við viðmælendur var nöfnum þeirra breytt þannig að ekki væri hægt að rekja viðtölin til þeirra. Viðmælendur voru tveir karlmenn og fjórar konur. Olgeir, Bolli og Valdís eru frístundaleiðbeinendur. Sigríður og Unnur eru kennarar í 1. og 2. bekk, og Lovísa er stoðkennari.

### 4.3 Mælitæki

Opni spurningalistinn sem þátttakendur svöruðu munnlega í viðtalinu var byggður úr fræðilegum hluta verkefnisins. Spurningalistinn innihélt eina lykilspurningu, Hvert er viðhorf þitt til samþættingar skóla- og frístundastarfs í Norðlingaskóla? Í lykilspurningunni fólust þrjár undirspurningar þ.e. hvert er gildi samþættingar skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur, fyrir skólafarið og hvert er gildi samstarfs frístundaleiðbeinda og kennara við mótun samþættingarinnar.

Viðmælendur voru hvattir til að svara bæði til um kosti og áskoranir sem þeir höfðu upplifað við innleiðingu á samþættingu skóla- og frístundastarfs (sjá fylgiskjal 2, bls 34). Galli við framkvæmd viðtala var hve stutt viðtölin voru en þau voru hvert um sig 15 - 20 mínútur. Hugmyndin að baki stuttum viðtölum var að spyrja alla sömu spurninganna og spyrja um fá atriði og hafa afmarkaðar spurningar til að auðvelt væri að flokka niðurstöður og bera svör viðmælenda saman. Tilgangurinn með stuttum viðtölum en markvissum spurningum var að fá innsýn inn í viðhorf starfsmanna til samþættingar frístundar við skólafarið.

### 4.4 Framkvæmd

Viðtölin voru tekin í október 2016 og fóru fram í Norðlingaskóla. Þátttakendur gáfu allir samþykki fyrir því að viðtölin yrðu tekin upp, en með því skilyrði að þau yrðu nafnlaus. Hvert viðtal tók um 15 – 20 mínútur og voru þau tekin upp af höfundi og afrituð jafnóðum. Höfundur spurði fárra spurninga til þess að hafa svör viðmælenda hnitmiðuð og skýr og auðveldara væri að vinna úr gögnum. Þegar viðtölin höfðu verið afrituð voru svör viðmælenda borin saman og reynt var að flokka þau eftir því hvað væri líkt og ólíkt í svörum viðmælenda og hvernig svör þeirra endurspegluðu fræðileg skrif um mótun samþættingarinnar.

Í rannsókninni var leitast við að gæta réttmætis með því að fylgja aðferðum eigindlegra rannsókna (Seidman, 2013). Höfundur lagði áherslu á að láta ekki eigin skoðanir í ljós í viðtölum því það gæti haft áhrif á svör viðmælenda við spurningunum. Einnig var lögð áhersla á að hafa spurningar opnar til þess að auka líkurnar á því að viðmælendur mundu svara í samfelldu máli og viðtalið mundi því frekar líkjast samtali. Þátttakendur mættu óundirbúnir í viðtal og svöruðu spurningum jafnóðum. Farið var yfir með viðmælendum hver tilgangur verkefnisins væri og hverju væri verið að leitast eftir þ.e. hvert viðhorf viðmælenda væri til samþættingar skóla- og frístundastarfs í Norðlingaskóla? Allir viðmælendur fengu sömu spurningar þótt starfsheiti þeirra væri ekki það sama (sjá fylgiskjal 2, bls 34).



## 5 Niðurstöður

Lykilspurningin sem lögð var fyrir viðmælendur var: Hvert er viðhorf þitt til samþættingar skóla- og frístundastarfs í Norðlingaskóla. Viðmælendur áttu síðan að svara þremur undirspurningum en þær voru: Gildi samþættingar fyrir nemendur, fyrir skólastarfið og gildi fyrir samstarf frístundaleiðbeinenda og kennara við mótun samþættingarinnar. Viðmælendur áttu síðan að greina frá kostum og áskorunum sem þeir töldu sig hafa upplifað í starfi sínu í tengslum við samþættinguna. Hér verður greint frá niðurstöðum hvernar spurningar fyrir sig.

### 5.1 Gildi fyrir nemendur

#### 5.1.1 Kostir

Kennararnir, Sigríður og Unnur, voru á sama máli um það að frístundastarfið þjálfaði nemendur í félagsfærni og að starfið ýtti undir gleði hjá börnunum. Þær ræddu einnig um að frístundin væri gott uppbrot á deginum og að nemendur kæmu yfirleitt endurnærðir til baka í kennslustofuna. Lovísa stoðkennair nefndi að samþætt skólastarf myndi brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla, en þetta væri sérstaklega gott fyrir yngstu nemendurna sem voru vanir engu öðru en að leika sér allan daginn. Frístundastarfmennirnir Olgeir, Bolli og Valdís voru öll sammála um að nemendurnir myndu græða á því að vinna undir leiðsögn frístundaleiðbeinenda þar sem þeir styrkja félagsfærni nemenda í leik þeirra og að frístundastarfsmennirnir grípa fljótt inn í aðstæður og leiðbeina nemendum í samskiptum þegar þess þarf. Frístundastarfmennirnir telja að samþættingin skili sér í því að betri yfirsýn næst á öllum deginum hjá nemandanum, frá morgni og fram að lokum síðdegisfrístundar. Frístundastarfmennirnir telja einnig að samstarfið við nemendur skili sér í því að betri þekking náist á persónuleika og líðan nemandans sem hjálpar heilmikið þegar eitthvað kemur upp í samskiptum eða erfiðleikar eru hjá nemandanum. Einnig voru þessir viðmælendur sammála kennurunum, Sigríði og Unni, að reynst hefði vel að þjálfa nemendur í félagsfærni og að það hefði hjálpað mörgum. Nefnd voru dæmi þess að einstaka nemendur ættu auðveldara nú en áður með að vera í hópleikjum þar sem þessir nemendur hefðu markvisst fengið eftirfylgni og inngrip af hálfu frístundaleiðbeinenda varðandi bætt samskipti.

#### 5.1.2 Áskoranir

Þegar komið var að því að segja frá því hvað mætti betur fara svöruðu viðmælendurnir á nokkuð svipaðan hátt. Kennararnir, Sigríður og Unnur, og frístundaleiðbeinendurnir, Bolli og Olgeir, ræddu öll um að oft væri erfitt að fá nemendurna til baka úr frjálssa leiknum og það tæki oft

langan tíma að koma þeim aftur í bóknámið. Bolli og Olgeir sögðu einnig að það gæti verið rosalega erfitt að vera með námsleiki þar sem nemendurnir vilja flestir vera í frjálsum leik og skilja oft ekki afhverju frelsið sé tekið af þeim með því að fá ekki að leika sér án stýringar. Lovísa stoðkennari ræddi um að mikilvægt væri að allir sem kæmu að barninu væru að vinna að sameiginlegu markmiði varðandi nemandann til að tryggja hámarks árangur og gleði nemendanna. Valdís frístundaleiðbeinandi tók hins vegar fram að það gæti verið þreytandi fyrir nemendur að vera í sama umhverfi allan daginn.

## 5.2 Gildi fyrir skólastarfið

### 5.2.1 Kostir

Þegar farið var yfir kosti sem samþætting skóla- og frístundastarf hefur í för með sér fyrir skólastarfið voru kennararnir, Sigríður og Unnur, og Lovísa stoðkennari á sama máli að með tilkomu frístundarinnar inn í skólastarfið væri aukin sveigjanleiki í kennslu og það töldu þær vera mikinn kost. Bæði væri hægt að brjóta upp kennslu með leik og einnig væri hægt að tengja saman kennslugreinar sem oft kveikti áhuga hjá nemendum. Frístundaleiðbeinendurnir Olgeir og Bolli voru sammála um að það væri mikill kostur að þjálfar nemendur í félagsfærni þar sem þeir sem tileinka sér góða félagsfærni eru líklegri til að ganga vel í námi og í mannlegum samskiptum. Svo kom sterkt í ljós að allir voru sammála því að það væri gott fyrir skólastarfið að hafa bæði kennara og frístundaleiðbeinendur stóran hluta af deginum með nemendum. Viðmælendur voru einnig sammála því að samstarf þessara aðila styrkti upplýsingaflæðið varðandi nemendur mikið. Að þeirra mati skilaði samstarf þessara aðila því að auðveldara væri að fá upplýsingar um nemendur hjá stjórnendum, frístundarstarfsmönnum, kennurum eða stoðteymi.

### 5.2.2 Áskoranir

Áskoranirnar í samþætta skólastarfinu eru margar að mati viðmælenda. Sigríður kennari sagði þetta um helstu áskoranir í samþætta skólastarfinu: „*Samþættingin gerir kröfur um samvinnu, þau geta verið flókin, krefjandi og hefur þar af leiðandi áhrif á skólastarfið í heild sinni. Það kemur oft upp skipulagsleysi, vöntun á upplýsingarflæði o.þrv.*“. Unnur kennari og Lovísa stoðkennari voru sammála um að nauðsynlegt væri að vera ekki bara með frjálsum leik og að halda áfram þróun og koma með meiri blöndun námsgreina inn í frístundastarfið í gegnum leikinn. Þar sem megin áhersla væri að finna leiðir til að ná til flestra nemanda, eða eins og

Lovísa stoðkennari orðaði það: „*Að fá alla nemendur til að vilja læra, hvort það sé í bókum, útinámi, leik eða tölvum*“. Frístundaleiðbeinendurnir Olgeir og Bolli voru sammála um að nauðsynlegt væri að frístundaleiðbeinendur fengju aukið frjálsræði og að kennarar hugsi þá sem jafningja í starfinu. Þeir tóku það einnig fram að mikilvægt væri að hafa góðan undirbúning og sameiginlega teymisfundi. Valdís frístundaleiðbeinandi ræddi um að frístundin getur stundum gleymst því skólinn er lögbundið starf og frístundin ekki. Frístundin er frekar látin víkja heldur en skólastarfið. Mikilvægt er fyrir frístundina að hún verði lögbundin og komi meira í aðalnámskránni til að hún sé ekki látin mæta afgangi segir Valdís.

### **5.3 Samstarf frístundaleiðbeinanda og kennara við mótun samþættingarinnar.**

#### **5.3.1 Kostir**

Þegar samstarfið var rætt komu margar mismunandi skoðanir í ljós. Sigríður kennari talaði um að gott væri að hafa frístundaleiðbeinanda sér til aðstoðar, bæði í kennslu og þegar kennari er í foreldrasamskiptum. Frístundaleiðbeinandinn sér barnið oft í öðru ljósi heldur en kennarinn. Unnur kennari talar um að mikilvægast af öllu er að allir séu að vinna að sameiginlegu markmiði og því sé nauðsynlegt að hafa sameiginlegan undirbúning með frístundaleiðbeinendum. Frístundaleiðbeinendurnir Olgeir og Bolli voru sammála um að í góðu samstarfi veit starfsfólkið meira um nemendur og er það gott fyrir alla aðila. Þeir segja að frístundaleiðbeinendur og kennarar geti leitað hjálpar hver hjá öðrum þegar vinna á markvisst með nemendur. Þeir tala um að samstarf kennaranna og frístundaleiðbeinandanna myndi meiri liðsheild, í staðinn fyrir hóp af einstaklingnum. Frístundaleiðbeinandinn Valdís telur að þegar það myndast gott samstarf milli kennara og frístundaleiðbeinanda skapast þverfaglegt samstarf. Að hennar mati hagnast nemandinn á því að vera í þessu námsumhverfi og líklegra er að hennar mati að nemandinn finni eitthvað við sitt hæfi í leik og starfi.

#### **5.3.2 Áskoranir:**

Viðmælendur voru allir á sama máli um hverjar áskoranirnar væru í samstarfinu varðandi samþætta skólastarfið. Þeir töldu mikilvægt að sameiginlegar hugmyndir verði að veruleika og að fagleg samvinna eflist. Viðmælendur töldu einnig mikilvægt að fjölbreytileiki starfsfólks fengi að njóta sín og að allir starfsmenn komi að skipulagi og verkefnum dagsins. Undirbúningstími kennara og frístundaleiðbeinanda þarf að þeirra mati að vera að einhverju leyti sameiginlegur til að skipuleggja megi starfið vel og vandlega, með fagleg sjónarmið að

leiðarljósi. Frístundaleiðbeinendurnir, Olgeir, Bolli og Valdís, bættu því við sem búið var að koma fram að nauðsynlegt væri að allir væru jafningjar á gólfinu. Þau segjast oft upplifa sig sem varamenn eða starfsmenn á gæslu sem hefðu ekki mikið um starfið að segja.

## 6 Umræða

Í þessu verkefni hefur verið leitast við að svara rannsóknarspurningunni:

Hvert er gildi þess að samþætta skóla- og frístundastarfs í grunnskóla?

Til að leita svara við spurningunni voru fræðigreinar lestnar og viðtöl tekin við starfsmenn í Norðlingaskóla sem allir tengjast skólastarfi sem byggir á samþættingu frístundar við skólastarfið. Viðmælendur voru spurðir hvert viðhorf þeirra væri til samþættingar skóla- og frístundar í Norðlingaskóla? Í lykilspurningunni fólust þrjár undirspurningar þ.e. hvert er gildi samþættingar skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur, fyrir skólastarfið og hvert er gildi samstarfs frístundaleiðbeinda og kennara við mótun samþættingarinnar.

Þegar rýnt er í þessi viðtöl og heildarmyndin skoðuð kemur í ljós að mikill samhljómur er hjá starfsfólkinu með afstöðu þess til samþættingar skóla- og frístundastarfs og er sá samhljómur að mestu jákvæður í garð samþættingarinnar. Þrátt fyrir að margt jákvætt kæmi fram hjá viðmælendum varðandi samþættinguna, var einnig margt sem viðmælendur töldu að betur mætti fara.

Svarið við rannsóknarspurningunni sem liggur til grundvallar verkefninu er að niðurstöður þessa verkefnis gefa vísbendingar um að samþætting frístundar við skólastarf hafi jákvæð áhrif á skólastarfið.

### 6.1 Græðir barnið á samfelldum degi?

Viðmælendurnir í rannsókninni ræddu um að nemandinn myndi græða mikið á því að hafa samfelldan dag og að skólinn og frístundin væri undir sama hatti. Allir voru sammála um að það væri gott fyrir skólastarfið að hafa bæði kennara og frístundaleiðbeinendur stóran hluta dagsins með nemandanum. Það var álit allra að samstarfið hefði mjög jákvæð áhrif á upplýsingaflæðið, auðveldara væri að fá upplýsingar um nemendur hjá stjórnendum, frístundaleiðbeinendum, kennurum eða stoðteymi. Samstarfið um nemandann þ.e. líðan og námsárangur bætir hag barnsins. Frístundaleiðbeinandi fylgir nemandanum eftir allan daginn og við það fær hann meiri yfirsýn yfir dag barnsins og sér nemandann því oft í öðru ljósi í frístundastarfinu en

kennarinn sér nemandann í bóknáminu. Þetta er í takt við það sem kemur fram í greininni Viðhorf til náms (2014) en þar er fjallað um þessar áherslur. Spannandi væri að bera samstarfið í Norðlingaskóla við aðra skóla sem eru ekki með samþætt skólastarf og sjá hvort að upplýsingarflæði milli skóla og frístundar varðandi hag barnsins sé betra eða verra.

Það kom fram hjá viðmælendum að nemendur kæmu endurnærð og glöð til baka inn í hefðbundna námið úr frístundinni. Að sama skapi ræddu viðmælendur hins vegar um að oft væri mjög erfitt að fá nemendur til að byrja að læra aftur í bóknum eftir frístundina. Þessi hegðun nemenda er áhugaverð og fróðlegt væri að rannsaka hvort hún færi eftir dagsformi nemenda eða hvort skoða þurfi formfestuna í hefðbundna bóknáminu og færa hana nær forsendum barnsins og tengja leikinn og verklega vinnu enn frekar inn í samþættinguna.

## **6.2 Þjálfun í félagsfærni**

Allir viðmælendurnir höfðu þá skoðun að það hefði reynst vel í samþættingunni að þjálfva nemendurna markvisst í félagsfærni. Þjálfun í félagsfærni nemanda með hegðunarvandamál var mjög vel heppnuð og hefur það hjálpað mörgum nemendum í Norðlingaskóla. Þetta er í takt við þær áherslur sem koma fram í stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þar er greint frá hlutverki frístundaleiðbeinandans sem á að sinna stuðningi við barnið, aðstoða barnið í leik og starfi og fara eftir einstaklingsáætlun til að vinna markvisst að því að þjálfva barnið í samskipta- og félagsfærni og tryggja að því líði vel (Reykjavíkurborg, 2011). Það er mikill kostur að þjálfva nemendur í félagsfærni þar sem þeir nemendur sem tileinka sér góða félagsfærni eru líklegri til að ganga vel í námi og í mannlegum samskiptum. Þetta er í samhljómi við greinina Guiding children's social development and learning en þar er sýnt fram á mikilvægi þjálfunar í félagsfærni í tengslum við góða samskiptafærni (Kostelnik, Soderman, Whiren, Rupiper, og Gregory, 2014).

## **6.3 Eykur sameiginlegur undirbúningur gæði samþættingarinnar?**

Kröfunar um samvinnu eru miklar og það reynist oft erfitt að auka undirbúningstíma. Það kom skýrt í ljós hjá viðmælendum að þeir vildu meiri tíma saman, kennarar og frístundaleiðbeinendur, í undirbúning til að undirbúa skóladaginn. Viðmælendurnir töluðu um að efla faglegt samstarf og að allir komi að skipulagi á verkefnum dagsins. Þetta reynist erfitt þar sem frístundaleiðbeinandinn er á „gólfinu“ allan daginn og hefur mun minni undirbúningstíma heldur en kennarar. Til að samþættingin skili árangri er lykilatriði að standa vörð um undirbúningstíma

hjá frístundastarfsmönnum og einnig sameiginlegan undirbúningstíma kennara og frístundastarfsmanna. Frístundastarfmenn þurfa undirbúningstíma fyrir frístundahlutann í samþættingunni og síðan þarf að gera ráð fyrir sameiginlegum undirbúningstíma fyrir kennara og frístundaleiðbeinendur. Skólastjórnendur þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi þessa þáttar því án samstarfsins verður ekki unnið faglegt starf.

Þessi viðhorf viðmælenda eru ekki ný af nálinni þar sem skortur á undirbúningstíma frístundastarfsmanna kemur oft fram skrifum um þessi málefni. Í greininni Viðhorf til náms er til dæmis fjallað um að mikilvægt sé að skólastjórnendur hugi að faglegri samvinnu til að samstarfið milli aðila nýtist sem best í skólastarfinu. Sameiginleg markmið hjá kennurum og frístundaleiðbeinendunum sem vinna með nemendunum eru mikilvæg og því er sameiginlegur undirbúningur mikilvægur til að hægt sé að vinna markvisst að árangri. Af þeim sökum er talið gott að unnið sé í teyllum og að haldnir séu sameiginlegir fundir meðal þeirra sem eiga samstarf um nemandann (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014).

#### **6.4 eru kennarar og frístundaleiðbeinendur jafningjar í skólastarfinu?**

Það kom skýrt fram hjá frístundaleiðbeinendunum að þeim fannst mikilvægt að þeir væru að einhverju leiti jafningjar kennara í kennslu og að þeir fengju aukið frjálsræði. Í skýrslu Guðrúnar Jónu Óskarsdóttur um samþættingu skóla og frístundar í 1. – 4. bekk í Norðlingaskóla (2014) kemur fram að mikilvægt sé að kennarar og frístundaleiðbeinendur séu jafningjar á gólfi. Þar sem kennarar eru með mun meiri undirbúningstíma heldur en frístundaleiðbeinendurnir skapast líklegast sú staða að frístundaleiðbeinendurnir verði varamenn þar sem þeir hafa ekki komið að neinum sameiginlegum undirbúningi með kennurunum. Það væri fróðlegt að sjá hvernig starfið myndi þróast ef kennarar og frístundaleiðbeinendur fengju jafn mikinn undirbúning, það yrði að mínu mati líklega sett meiri ábyrgð á frístundaleiðbeinendur og þeir kæmu þá jafnt að öllum undirbúningi dagsins, rétt eins og kennarar.

#### **6.5 Aukinn sveigjanleiki með samþættu skóla- og frístundastarfi.**

Kennararnir tóku það fram í viðtölunum að samþættingin biði upp á meiri sveigjanleika í kennslu og að auðveldara væri að vera með uppbrot á skóladeginum, en með þessum sveigjanleika þyrfti að fylgja gott samstarf. Þessar áherslur birtast í Tillögum um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2011).

Í samþættingunni í Norðlingaskóla hefur frístundastarfið jákvæð áhrif á uppbrot í skólastarfinu sem er nauðsynlegt fyrir unga nemendur og kemur þetta viðhorf fram hjá

viðmælendum. Uppbrotið í hefðbundinni kennslu sem kennarar vísa til er frjálsi leikurinn og námsleikir sem snúa að samþættingu við námsgeinar eins og til dæmis stærðfræði. Einnig hefur samþætt frístunda- og skólastarf í för með sér þverfaglega vinnu sem ekki einungis birtist í skipulögðum námsleikjum heldur einnig ýmiskonar smiðjuvinnu með nemendum þar sem frístundastarfsmenn taka fullan þátt í undirbúningi smiðjuvinnu með nemendum. Hluttur frístundastarfsmanna í þeirri vinnu er að skipuleggja verkstöðvar á forsendum frístundastarfsins en þó í tengslum við það þema sem kennarar og frístundaleiðbeinendur hafa ákveðið hverju sinni.

Viðmælendur ræddu um mikilvægi góðs þverfagslegs samstarfs og segja að líklegra sé að nemendur finni eitthvað við sitt hæfi. Frístundaleiðbeinendur og kennarar geta leitað hjálpar hver hjá öðrum þegar kemur að skipulagi á samþættingu verkefnum með nemendum. Fjölbreytni verkefna verður meiri og liðsheildin í starfmannahópnum verður meiri í staðinn fyrir að vinna með nemendum einkennist af hópi einstaklinga sem hver fer í sitthvora áttina. Þessi áhersla á samvinnu og liðsheild varðandi markmið um samvinnu í skóla- og frístundastarfi kemur glöggt fram í Stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2014).

Það er talið mikilvægt að halda þróun á samþættingunni áfram og er það í takt við markmið Skóla- og frístundasviðs um skólaþróun, en markmiðið er að efla skólaþróun með því að allir leikskólar, grunnskólar og frístundarmiðstöðvar í hverfum borgarinnar vinni að sameiginlegri stefnumótun og að auka þverfaglegt samstarf (Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið, 2014).

## 7 Lokaorð

Rannsóknarspurningin sem liggur til grundvallar verkefninu var að skoða viðhorf kennara og frístundaleiðbeinanda og kanna hvert gildi samþættingar væri að þeirra mati. Niðurstöður fræðigreina ásamt viðhorfum viðmælanda gefa vísbendingar um að svo sé.

Þegar lítið er yfir niðurstöður úr viðtölum sem tekin voru við sex starfsmenn, kennara, stoðkennara og frístundaleiðbeinendur, í Norðlingaskóla kemur í ljós að samþættingin virðist hafa jákvæð áhrif á nemendur og skólastarfið. Einstaka þættir varðandi samþættinguna komu fram í viðtölum við starfsmennina og má þar nefna samfelldan dag barnsins í skólanum þar sem frístundastarf er felld inn í hefðbundinn skóladag. Viðhorf starfsmanna til samfellunnar í deginum voru jákvæð og í því samhengi var fjallað um að samþættingin hefði í för með sér gott upplýsingaflæði milli kennara, frístundaleiðbeinanda og stjórnenda. Aðgengi að upplýsingum var talið vera skilvirkt og það hefði í för með sér að fljótt væri hægt að grípa inn í aðstæður nemenda ef svo bæri undir. Í viðtölunum kom fram hver þáttur frístundaleiðbeinandans væri mikill varðandi yfirsýn á högum barnsins í skólanum þar sem hann er í tengslum við barnið allan daginn og sér því barnið frá öðrum hliðum en þeim sem einskorðast við hefðbundið skólastarf.

Mikill samhljómur var meðal viðmælanda um að samþættingin biði upp á mikla möguleika til að efla félagsfærni nemenda. Í Norðlingaskóla hafa frístundaleiðbeinendur unnið með þennan þátt í starfinu og almennt töldu starfsmenn að ávinningur af því hefði verið mikill fyrir einstaka nemendur sem átt hafa í félagslegum erfiðleikum.

Viðmælendur voru í meginatriðum sammála því að gæði samstarfsins og þar af leiðandi gæðin í samþattu skóla- og frístundastarfi gengi í grundvallaratriðum út á það að gera ráð fyrir sameiginlegum undirbúningstíma, frístundaleiðbeinanda og kennara, til að hægt væri að vinna markvisst að faglegu starfi með nemendum. Í viðtölum kom skýrt fram að undirbúningstími er lítill hjá frístundastarfsfólki og erfiðlega gengi að halda uppi markvissu samstarfi við kennarana. Kallað var eftir breytingum á þessu.

Niðurstöður úr viðtölum við frístundaleiðbeinendur sýna að samstarfið við kennarana er mikil áskorun fyrir þá. Frístundaleiðbeinendurnir vilja láta líta á sig sem jafningja í samstarfinu en upplifa sig oft sem varamenn. Helstu skýringa á því má rekja til þeirrar gagnrýni sem kemur fram varðandi undirbúningstíma en hann er af skornum skammti.

Svo virðist sem starfsmenn séu sammála því að samþætting skóla- og frístundastarfs hafi jákvæð áhrif á sveigjanleika í skólastarfinu. Vegna samstarfsins milli frístundaleiðbeinanda og



kennara er auðveldara að brjóta dag barnsins upp með því að setja frjálsta leikinn inn í hefðbundið skólastarf ásamt ýmiskonar námsleikjum og smiðjuvinnu. Þessi fjölbreytni er afraksturinn af þverfaglegu samstarfi sem viðmælendur eru ánægðir með en slíkt samstarf er í hættu að þeirra mati vegna þess hve sameiginlegur undirbúningstími aðila er lítill.

Samþætting skóla- og frístundastarfs býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem barnið á að geta þroskast og þjálfa með sér góða náms- og félagsfærni. Félagfærni styrkir samskiptafærni og sjálfsmynd barnsins og það hefur áhrif á almenna velgengni í lífinu.

Niðurstöður þessa verkefnis gefa til kynna hversu mikilvægt það er að hafa áherslur frístundastarfsins fléttaðar inn í lögbundið skólastarf. Starfið í Norðlingaskóla þróast og breytist á hverju ári. Mikil ígrundun á sér þar stað. Frístundaleiðbeinendur er opnir fyrir fjölbreytni í sínu starfi og reynt er að finna bestu leiðina hverju sinni fyrir nemandann þannig að hann fái að blómstra sem best í skólaumhverfinu. Vissulega eru árekstrar á hverju horni í þróunarvinnunni enda er það fylgifiskur skólaþróunar.

Niðurstöður eru í þeim anda sem höfundur hafði væntingar um og telur höfundur að ef frístundastarfið myndi falla úr samstarfi við skólann væru það nemendurnir sem myndu tapa mestu. Það sem þarf að hafa í huga er að kennarar og frístundaleiðbeinendur séu jafningjar til að forðast árekstra og erfiðar aðstæður. Til að svo getir orðið þurfa stjórnendur að huga að samstarfstíma í stundatöflu þannig að faglegum undibúningi verði gert hærra undir höfði en það er lykillinn að góðu samstarfi milli þessara fagstétta.

## 8 Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. *Almennur hluti*. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Guðrún Jóna Óskarsdóttir. (2014). *Samþætting skóla- og frístundar í 1.- 4. Bekk Norðlingaskóla*. Skýrsla Reykjavíkurborgar. Óútgefin.
- Hrund Hlökkversdóttir. (2012). *Bókin um Tíslu*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Ingvar Sigurgeirsson, Ágúst Ólason, Björn Gunnlaugsson, Hildur Jóhannesdóttir og Sif Vígbórsdóttir. (2010). List- og verkgreinar í öndvegi: sagt frá þróunarverkefninu smiðjur í Norðlingaskóla. *Netla*. Sótt 16. júní 2016 af <http://netla.hi.is/greinar/2010/004/index.htm>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2011). Gæði eða geymsla. Um frístundaheimili og dagvistun fyrir 6-9 ára börn á Íslandi. *Netla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 13. mars 2012 af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn í reykvísku skólafarfi. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 37–59.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014). Viðhorf til náms. Um samþættingu skóla- og frístundastarfs. *Uppeldi og menntun*, 23(1), 81-89.
- Kostelnik, M. J., Soderman, A. K., Whiren, A. P., Rupiper, M., og Gregory, K. M. (2014). *Guiding children's social development and learning*. Nelson Education.
- Morgan, J., og Ashbaker, B. Y. (2011). TAs join the team: UK expands role of teaching assistants in the classroom. *Journal of Staff Development*, 32(3), 38-41.
- Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið. (2014). Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014. *Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar*. Sótt 16. April 2016 af [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/starfsaaetlun\\_sfs\\_2014.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_sfs_2014.pdf)

- Reykjavíkurborg. (2011). *Tillaga um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar*. Sótt 5. apríl 2015 af [http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_svida/Tillaga\\_SKF\\_loka.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_svida/Tillaga_SKF_loka.pdf)
- Reykjavíkurborg. (e.d). *Dagur barnsins: Skipulag, umgjörð og fl. Óútgefin*.
- Saga skólans. (2008). *Norðingaskóli*. Sótt 3. ágúst 2016 af <http://www.nordlingaskoli.is/index.php/skolinn/saga-skolans>
- Samþætting skóla- og frístundastarfs. (2012). *Norðingaskóli*. Sótt 10. maí 2016 af <http://www.nordlingaskoli.is/index.php/nemendur/123-klapparholt/1002-samtaetting-skola-og-fristundastarfs>
- Seidman, I. (2013). *Interviewing as qualitative research: A guide for researchers in education and the social sciences* (4. útgáfa). New York: Teachers College Press.
- Smiðjur. (2008). *Norðingaskóli*. Sótt 4. september af <http://www.nordlingaskoli.is/starfshaettir1/smidjur>
- Starfsskrá frístundamiðstöðva. (2015). *Skóla og frístundasvið reykjavíkurborgar*. Sótt 23. ágúst 2016 af [http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsskra\\_fristundamidst\\_2015-lores.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/starfsskra_fristundamidst_2015-lores.pdf)
- Stefna Norðlingaskóla. (2008). *Norðingaskóli*. Sótt 3. febrúar 2016 af <http://www.nordlingaskoli.is/index.php/skolinn/stefna>

## 9 Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1.

#### Stærðfræði- og dýradagur

2 vikna skipulag: 40 nemendur í Björnslundi og 40 nemendur í Þemavinnu-Klapparholt .  
80 mín (2x 40 mín) fyrir hádegi ð og 80 (mín 2 x40) mínútur eftir hádegið.

- Nemendur í Björnslundi og 3 starfsmenn- Stærðfræði, para eða hópvinna. Sléttar tölur/oddatölur – helmingun.
  - 15. mars fyrir hádegi 80 mín- útikennsla /stærðfræði. 40 nem/3 starfsmenn/3 stöðvar:
    1. 4 húllahringir lagðir í jörðina, hver verður með sinnhvorn tuginn í hringinn. 12 krakkar skipta sér í 4 lið (ca. 3 í liði) og eiga að kasta grjónapúðum/einhverju slíku í hringina. Þegar þeir hafa kastað öllum púðunum, telja þeir saman stigin og næsta lið kastar. ca. 9 púðar? Efni: húllahringir, grjónapúðar, 4 plastaðir tugir.
    2. Talnalína lögð í jörðina. Börnin draga tölur og eiga að raða sér á línuna. Hópnum skipt í tvennt, sá hópur sem hvílir hjálpar til. Getur líka verið þannig að 2 og 2 eru saman og þurfa að aðstoða hvern annan við að raða sér á línuna (sem ein tala). Efni: Talnaband? (annars reipi eða eitthvað ca 1.5 m að lengd), 7 tölur frá 1-100.
    3. Börnin eiga að draga tölur, para sig saman og mynda tölur úr tugum og einingum. Stórt blað með tölum verður sýnilegt og þau eiga að para sig saman við tug/einingar og mynda tölur sem sýnilegar verða. Efni: stórt blað með 7 tölum, 7 tugir og 7 einingar plastaðar inn (ps. af sitthv. einingunni).
  - 15. mars eftir hádegi 80 mín - **Dýrabema** - Þemakassi. Stöðvar (2)
    - 5-10 mín - Innlögn á þemanu og útskýringar á stöðvum. Spjall um þemað, orðaforði . Allur hópurinn eða 2 x 15 nem.

- 20 mín. skoða bækur, spá og spekúlera: Stýrð stöð frístundaleiðbeinanda á stöðinni.
- 20 mín leira teikna
- SAMANTEKT (ný orð?, nýtt að læra?)– FRÁGANGUR

### ***Undirbúningur***

*Forstöðumaður frístundara: Kaupa leir og útvega þemakassa*

*Teymisfundur kennara og frístundaleiðbeinanda á þriðjudögum:*

*Frístundaleiðbeinendur skipuleggja útiverkefni í stærðfræði með stæ kennurunum.*

*Hugmyndavinna og finna til gögn (Arnbjörg Edda Kormáksdóttir, tók saman 2016).*

## Fylgiskjal 2

### Viðtalsrammi

Hvert er viðhorf þitt til samþættingar skóla – og frístundarstarfs í Norðlingaskóla?

1. Gildir fyrir nemendur
  - 1.1. Kostir
  - 1.2. Áskoranir
2. Gildi fyrir skólastarfið
  - 2.1. Kostir
  - 2.2. Áskoranir
3. Samstarf frístundaleiðbeinanda og kennara við mótun samþættingarinnar
  - 3.1. Kostir
  - 3.2. Áskoranir